

Kjósarhreppur
Pálmar Halldórsson
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 20. mars 2024
UST202403-107/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 - 2029 - Eyri

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017 - 2029 fyrir Eyri

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni þessarar breytingar er fjórþætt og tengist uppbygginu í landi Eyrar. Í fyrsta lagi, breyting á stefnu um íbúðar- og landbúnaðarsvæði til þess að endurspegla betur stefnu sveitarfélagsins um íbúðabyggð í dreifbýli. Í öðru lagi, fjölgun á lóðum í ÍB8 neðan við þjóðveg og stækkun á íbúabyggð (ÍB8) með 33 ha svæði í átt að Eyrafjalli til að bregðast við eftirspurn eftir lóðum í dreifbýli. Í þriðja lagi, verslunar og þjónustusvæði við bæinn Eyri fyrir ferðaþjónustu. Í fjórða lagi, staðsetning nýrra brunn- og vatnsverndarsvæða til að þjóna væntanlegri byggð og verslunar- og þjónustusvæði.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl. en samkvæmt a. lið 1. mgr. ákvæðisins nýtur vistkerfið votlendi þar sérstakrar verndar. Fjallað er um það í 3. mgr. ákvæðisins að forðast beri röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. , nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi sem njóti sérstakrar verndar náttúruverndarlaga þurfi að fjalla sérstaklega um það með hvaða hætti votlendi verði raskað og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu skipulagstillögunnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Þá þurfi að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að landnotkunarreitir séu afmarkaðir á aðalskipulagsstigi þar sem votlendi sé haldið óraskað. Umhverfisstofnun bendir einnig á að

sveitarfélagið getur ná markmiðum sínum um að uppfylla þörf fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli án þess að raska verndarsvæðum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Umhverfisstofnunar tekur undir að skipulagstillagan mun valda raski á votlendinu sem nýtur sérstakrar verndar og hafa neikvæð áhrif á það. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Mikilvægi votlendis

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi hafa margvíslegt gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka.¹

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.
- Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.
- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur